

L Ö G**41**

28. jan.

um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Syðra-Laugaland í Öngulsstaða-
hreppi í Eyjafirði fyrir 32000 kr. og færa þangað prestssetur í Grundarþinga-
prestakalli. Ennfremur að selja núverandi prestssetursjörð, Saurbæ í Eyjafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G**42**

28. jan.

um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21**6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. laga nr. 33 15. júní 1926 orðist svo:

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir
hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 10 ár hin næstu áður en þeir beiddust